

Samstarfssamningur um svæðisbundið farsældarráð á Norðurlandi eystra

1. gr.

Tilgangur og markmið

Sveitarfélögin Akureyrarbær, Dalvíkurbyggð, Eyjafjarðarsveit, Fjallabyggð, Grýtubakkahreppur, Hörgársveit, Langesbyggð, Norðurþing, Svalbarðsstrandarhreppur, Tjörneshreppur og Þingeyjarsveit [hér eftir „sveitarfélögin“] mynda sameiginlegt svæðisbundið farsældarráð skv. 5. gr. laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021 og á grundvelli 92. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 38/2011.

Sveitarfélögin, á vettvangi farsældarráðs, vinna sameiginlega áætlun um svæðisbundna forgangsroðun aðgerða um farsæld barna til fjögurra ára sem tekur mið af þingsályktun um stefnu og farsæld barna, framkvæmdaáætlun ríkisins og niðurstöðum farsældarþings.

Sveitarfélögin vinna sameiginlega skýrslu um framvindu áætlana um svæðisbundna forgangsroðun aðgerða á tveggja ára fresti.

2. gr.

Skipun í svæðisbundið farsældarráð

Svæðisbundið farsældarráð er vettvangur fyrir svæðisbundið samráð um farsæld barna. Þar eiga sæti fulltrúar svæðisbundinna þjónustuveitenda á vegum ríkis og sveitarfélaga og skal ráðið hafa samráð við fulltrúa notenda á viðkomandi svæði. Þeir hagaðilar sem eiga aðild að farsældarráði skulu skipa aðal- og varamann.

Eftirtalin skulu eiga aðild að farsældarráði Norðurlands eystra:

Stofnun	Fjöldi fulltrúa
Akureyrarbær (velferðarsvið og fræðslu- og lýðheilsusvið)	1
Dalvíkurbyggð (félagsmálasvið og fræðslu- og menningarsvið)	1
Eyjafjarðarsveit	1
Fjallabyggð (velferðarsvið)	1
Grýtubakkahreppur	1
Hörgársveit	1
Langesbyggð	1
Norðurþing (velferðarsvið)	1
Svalbarðsstrandarhreppur	1
Tjörneshreppur	1
Þingeyjarsveit (fjölskyldusvið)	1
Heilbrigðisstofnun Norðurlands	1
Sjúkrahúsið á Akureyri	1
Framhaldsskólar á Norðurlandi eystra	1
Lögreglan á Norðurlandi eystra	1
Svæðisstöð íþróttahéraða UMFÍ og ÍSÍ	1
Samtals	16

Eftirtalin tilnefna áheyrnarfulltrúa með málfrelsi í farsældarráði Norðurlands eystra:

Stofnun	Fjöldi áheyrnarfulltrúa
Fulltrúar ungmennaráða á Norðurlandi eystra	2
Fulltrúar foreldraráða á Norðurlandi eystra	2
Samtals	4

3. gr.

Verkefnisstjóri svæðisbundins farsældarráðs

Verkefnisstjóri svæðisbundins farsældarráðs á Norðurlandi eystra starfar á grundvelli samnings milli mennta- og barnamálaráðuneytisins og Samtaka sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra (SSNE) sem gildir til 31. desember 2026.

Verkefnisstjóri svæðisbundins farsældarráðs er starfsmaður ráðsins og skal hafa náð samráð við starfsfólk og kjörna fulltrúa sveitarfélaganna.

Hlutverk verkefnisstjóra ráðsins er m.a. að:

- halda utan um störf svæðisbundins farsældarráðs, undirbúa og boða fundi þess, rita fundargerðir og senda sveitarstjórnnum allra sveitarfélaga til **kynningar**,
- halda utan um gerð áætlunar um svæðisbundna forgangsöröðun aðgerða um farsæld barna til fjögurra ára, senda sveitarstjórnnum allra hlutaðeigandi sveitarfélaga til **staðfestingar**,
- halda utan um gerð skýrslu um framvindu áætlana um svæðisbundna forgangsöröðun aðgerða á tveggja ára fresti til samræmis við 3. mgr. 5. gr. laga nr. 86/2021,
- sinna öðrum þeim verkefnum sem svæðisbundið farsældarráð felur viðkomandi og falla að tilgangi og markmiði samnings þessa.

4. gr.

Fjárhagsleg atriði

Sveitarstjórnir samþykkja aðgerðaáætlun ráðsins sem felur í sér samþykki ákveðinnar forgangsöröðunar þegar kemur að ráðstöfun fjármagns. Hvert sveitarfélag og hver stofnun metur hversu miklum fjármunum hægt er að ráðstafa í hverja aðgerð.

Ef aðgerð felur í sér sérstakan sameiginlegan kostnað skal kostnaðaráætlun fylgja þar sem kostnaði er skipt niður hlutfallslega eftir íbúafjölda sveitarfélaga og á milli stofnanna og skal slík áætlun fylgja aðgerðaáætlun til samþykktar hjá sveitarstjórnnum og stjórna stofnanna.

Fundir svæðisbundins farsældarráðs eru haldnir átta sinnum á ári og stefnt er að tveimur staðarfundum ár hvert en þess utan verða fjarfundir. Staðfundir verða haldnir til skiptis í sveitarfélögunum og því ber hvert sveitarfélag ábyrgð á ellefta hverjum staðfundi og tilheyrandi fundarkostnaði.

Ekki er greitt sérstaklega fyrir fundarsetu en fundir fara fram innan hefðbundins vinnutíma.

5. gr.

Breytingar, endurskoðun og uppsögn samnings

Þegar samningur mennta- og barnamálaráðuneytisins og Samtaka sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra (SSNE) rennur út skal samningur þessi endurskoðaður með tilliti til verkefna verkefnisstjóra svæðisbundins farsældarráðs.

Samningur þessi fellur úr gildi ef tekin er um það sameiginleg ákvörðun allra sveitarfélaganna.

Ef sveitarfélag eða annar aðili vill hætta samstarfi samkvæmt samningi þessum er það heimilt að undangenginni umræðu í ráðinu um ástæður þess. Skal það þá tilkynnt öllum hlutaðeigandi sveitarstjórnunum og stofnunum.

Samningur þessi skal endurskoðaður á fjögurra ára fresti af farsældarráði. Skal formaður ráðsins hafa forgöngu þar um. Ef breytingartillögur koma fram skulu þær samþykktar af meirihluta ráðsins og af öllum hlutaðeigandi sveitarstjórnunum.

6. gr.

Gildistími

Samningur þessi tekur gildi við undirritun.

Þannig samþykkt í sveitarstjórn:

F.h. Akureyrarbæjar,

Ásthildur Sturludóttir, bæjarstjóri

F.h. Dalvíkurbyggðar,

Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir, sveitarstjóri

F.h. Eyjafjarðarsveitar,

Finnur Yngvi Kristinsson, sveitarstjóri

F.h. Fjallabyggðar,

Þórir Hákonarson, bæjarstjóri

F.h. Grýtubakkahrepps,

Þröstur Friðfinnsson, sveitarstjóri

F.h. Hörgársveitar,

Snorri Finnlaugsson, sveitarstjóri

F.h. Langesbyggðar,

Björn S. Lárusson, sveitarstjóri

F.h. Norðurbings,

Katrín Sigurjónsdóttir, sveitarstjóri

F.h. Svalbarðsstrandarhrepps,

Pórunn Sif Harðardóttir, sveitarstjóri

F.h. Tjörneshrepps,

Aðalsteinn Jóhannes Halldórsson, oddviti

F.h. Þingeyjarsveitar,

Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir, sveitarstjóri

DRÖG